# Húslestur 5.1.2016

**1. tbl. 26. árg. Þriðjudagur 5. janúar 2016. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Jóney Jónsdóttir**

Velkomin til starfa á nýju skólaári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í skólanámsskrá á vef skólans. Enn fremur eru flestar brautalýsingar á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Skrifstofa skólans opnar kl. 8:00 mánudaginn 4. janúar. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 5. janúar. Nýnemar og endurinnritaðir sækja stundatöflur sínar til Jóneyjar aðstoðarskólameistara. Aðrir nemendur sjá sínar stundatöflur í Innu. Athugið að skólagjöld þurfa að hafa verið greidd til þess að hægt sé að opna Innu. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að valdagur verður haldinn 2. mars. Próf verða frá 12. til 25. maí og önninni lýkur með útskrift þann 28. maí.

**Starfsfólk skólans**

Skólameistari: Dóra Ármannsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi.
Aðstoðarskólameistari: Jóney Jónsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi virka daga kl. 8:15-14.
Námsráðgjafi: Rakel Dögg Hafliðadóttir. Viðtalstímar á mánudögum kl. 8-16 og þriðjudögum kl. 8:30-12:30.
Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-14.
Fjármálastjóri: Svava Björg Kristjánsdóttir.
Ritari: Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir. Ritari er við kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.
Bókavörður: Elín S. Kristjánsdóttir. Bókasafn er opið á meðan kennsla stendur yfir í skólanum en bókavörður er við kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.
Umsjónarmaður húsnæðis: Guðrún Reynisdóttir.
Umsjónarmaður tölvukerfis: Aðalgeir Sævar Sigurgeirsson. Almennur viðverutími á mánud. og þriðjud. kl. 10-12.

**Kennarar á vorönn 2016**

| | |
|---|---|
| Auður Jónasdóttir | Starfsbraut. |
| Ásta Svavarsdóttir | Íslenska. |
| Elín Rúna Backman | Líffræði; lífræn efnafræði. |
| Gunnar Baldursson | Eðlisfræði; efnafræði; umhverfis- og auðlindafræði. |
| Halla Rún Tryggvadóttir: | Danska. |
| Ingólfur Freysson | Félagsvísindi; hugur og hönnun; íþróttir; smiðja; skyndihjálp; uppeldisfræði. |
| Knútur Arnar Hilmarsson | Stærðfræði. |
| Rakel Dögg Hafliðadóttir: | Sálfræði; stærðfræði; námstækni og hvatning. |
| Sigurður Narfi Rúnarsson | Hugur og hönnun; starfsbraut. |

Smári Sigurðsson Enska; þýska.
Valdimar Stefánsson Landafræði; saga.

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi.

**Umsjónarkennarar og umsjónartímar**

# Umsjón V16

**Umsjónarkennarar:**

Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og kallar nemendur í viðtal þegar þurfa þykir. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar sem hér segir:

Auður Jónasdóttir Starfsbraut.
Rakel Dögg Hafliðadóttir Nemendur á félagsfræðibraut/félags- og hugvísindabraut fæddir 1998 og 1999. Viðtalstímar auglýstir síðar.
Ingólfur Freysson Nemendur á framhaldsbraut og almennri braut. Viðtalstímar auglýstir síðar.
Gunnar Baldursson Nemendur á náttúrufræðibraut/náttúruvísindabraut fæddir 1998 og 1999. Viðtalstímar auglýstir síðar.
Valdimar Stefánsson Aðrir nemendur. Viðtalstímar auglýstir síðar.

**Umsjón**
Eini fasti umsjónartími annarinnar er miðvikudaginn 2. mars kl. 15:20 þar sem nemendur velja áfanga fyrir næstu önn. Ætlast er til þess að nýnemar mæti í þennan tíma en aðrir nemendur geta einnig nýtt sér hann ef þeir vilja fá aðstoð við valið. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar nemendum til aðstoðar með val og námsáætlun. Jafnframt taka umsjónarkennarar viðtöl á hverri önn við nemendur undir 18 ára aldri þar sem farið er yfir stöðuna í náminu, líðan í skólanum og aðra þætti.
Drög að valframboði fyrir næstu önn munu liggja fyrir um mánaðamót janúar/febrúar og geta nemendur sent aðstoðarskólameistara tölvupóst á joney@fsh.is með ábendingum um hvaða áfanga þarf að kenna á næstu önn. Þetta þýðir að vinna við námsáætlun og val fyrir næstu önn hefst snemma á önninni og er áætlaður u.þ.b. mánuður í þessa vinnu. Vali fyrir haustönn 2016 verður að ljúka í síðasta lagi 7. mars. Ætlast er til að nemendur búi til námsáætlun og velji í Innu undir leiðsögn umsjónarkennara.
Athugið að skólanámsskrá er á heimasíðu skólans. Þar eru m.a. upplýsingar um alla áfanga og brautir skólans, námsmat, fjarvistakerfið o.fl.

**Þeir sem hyggja á útskrift við skólaslit vorið 2016 eru beðnir að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.**

**Inna og Innuaðgangur**

# Inna og Innuaðgangur V16

**Aðgangur nemenda að skólakerfinu Innu**
Aðgangur nemenda að Innu er virkjaður þegar þeir hafa greitt skólagjöld. Slóðin er

http://www.inna.is/Nemendur. Notandanafn er kennitala nemenda.  Lykilorð er Íslykill sem sótt er um á http://www.island.is.  Lykilorðið er sent í pósti eða í heimabanka.  Þegar farið er inn í Innu kemur stundataflan upp.  Upplýsingar um námsferil, einkunnir, fjarvistir o.fl. fá nemendur með því að smella á nafnið sitt fyrir ofan stundatöfluna.  Hægt er að prenta út stundatöflu, námsferil o.fl. úr Innu.
Athugið að til að komast inn á Innu þurfið þið aðgang að tölvukerfi skólans.  Hann fáið þið hjá Aðalgeiri Sævari kerfisstjóra.  Viðverutími Aðalgeirs er kl. 10-12 á mánudögum, kl. 10-11:30 á  þriðjudögum og kl. 10-11 fimmtudögum á skrifstofu gegnt myndmenntastofu í kjallara.

Vinsamlega athugið hvort persónuupplýsingar í Innu eru réttar og breytið þeim ef við á, t.d. heimilisfangi ef aðsetur er annað en lögheimili og símanúmeri ef það hefur breyst.

**Hér má finna upplýsingar um Innu**

**Um húsnæði skólans**

# Húsnæði V16

**Húsnæði skólans**
Í kennaraálmu eru skrifstofur skólameistara, aðstoðarskólameistara, námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings, kennarastofa og vinnuherbergi kennara. Vinnuherbergi Gunnars Baldurssonar er þó við hliðina á stofu 9. Skrifstofa skólans er framan við kennaraálmu og þar hafa ritari og fjármálastjóri aðsetur. Umsjónarmaður húsnæðis hefur aðstöðu í herbergi gegnt skrifstofu. Nemendur eru beðnir að virða viðtalstíma kennara.  Notfærið ykkur pósthólf  þeirra sem eru í kennaraálmu gegnt skrifstofu aðstoðarskólameistara.  Þau er sérstaklega ætluð fyrir nemendur sem þurfa að koma skilaboðum til kennara eða skila verkefnum. Bókasafn er á efri hæð skólans fyrir ofan aðalinngang nemenda.   Aðstaða nemenda, t.d. matar- og setustofa, er í kjallara í aðalkennsluálmu.

**Kennslustofurnar**
Stofur 1, 2, 3, 4 og 5 eru á efri hæð í aðalkennsluálmu, 1, 2 og 3 nær anddyri.
Stofur 6, 7, 8 og 9 (raungreinastofa) eru á jarðhæð í kennsluálmu, stofa 6 næst anddyri en stofa 9 fjærst.  Stofa 6 verður lítið notuð fyrir kennslu í vetur og er ásamt bókasafni hentug þeim sem vilja ljúka heimanámi í skólanum.  Þó er tími í NÁM190 kl. 10:20-11:20 í stofu 6 á mánudögum.
Stofur 11 (kvikmyndastofa) og 12  (myndmenntastofa) eru í kjallara kennaraálmu.
Stofa 10 er fyrir ofan nemendainngang, við hliðina á bókasafninu, og verður eingöngu ætluð nemendum á starfsbraut í vetur.
Stofa ÍÞ er í íþróttahúsi
Stofa 1 er tölvustofa.  Stofan er opin nemendum þegar engin kennsla fer þar fram.  Þá hafa nemendur tækifæri til vinna þar verkefni sem tengjast skólanum. Forsenda þess að hægt sé að hafa stofuna opna er að allir nemendur gangi vel um og hlíti öllum þeim umgengnisreglum sem settar eru.  Við stofuna er auglýsing um opnunartíma og umgengnisreglur.

**Athygli er vakin á því að innangengt er milli nemendaaðstöðu í kjallara og stofa 11 og 12.  Nemendur eru vinsamlegast beðnir um að nota þessa leið í stað þess að fara gegnum kennaraálmuna.**

# Skólasóknarreglur V16

Meginregla: Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.

Veitt er ákveðið svigrúm frá þessari meginreglu sem hér segir:

Heildarskólasókn nemenda má ekki vera undir 90%.

Skólasókn í hverjum einstökum áfanga má ekki vera undir 85%.

Leyfi frá skólasókn getur skólameistari og aðstoðarskólameistari gefið ef sérstakar ástæður liggja að baki. Öðrum er ekki heimilt að veita leyfi frá mætingu, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

Viðverumerkingar í kennslustundum:
M = sjálfgefinn viðverukóði, nemandinn er í tímanum.
F = fjarvist úr 60 mínútna tíma. Gefur 1 fjarvistastig.
G = fjarvist úr 40 mínútna tíma. Gefur 0,67 fjarvistastig.

ATH. Komi nemandi of seint í kennslustund, þ.e. eftir að kennari er búinn að lesa upp og kennsla er hafin, telst nemandinn fjarverandi þá kennslustund.

Frádráttarliðir fjarvista:
V = veikindi
L = leyfi
A = töfluárekstur

Það svigrúm sem nemendur hafa skv. skólasóknarreglum geta þeir nýtt t.d. ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá.

Veikindi skal tilkynna á skrifstofu skólans að morgni sama dags. Forráðamenn 16-17 ára nemenda skulu tilkynna veikindi barna sinna. Skólanum er heimilt að krefjast læknisvottorða vegna langtíma veikinda. Langveikum nemendum er bent á að hafa samband við stjórnendur skólans í upphafi annar.

Nemendum skal gefin einkunn í prósentum fyrir skólasókn. Skólasókn er ekki metin til eininga.

Viðurlög: Nái nemandi ekki tilskilinni skólasókn í einum áfanga (þ.e. 85%) er litið svo á að hann hafi þar með sagt sig úr þeim áfanga. Fær hann þá skráða einkunnina H (hættur) fyrir áfangann í námsferil sinn. Fari nemandi niður fyrir leyfilegt lágmark í heildarskólasókn (þ.e. 90%) er litið á það sem úrsögn úr skólanum. Nemendur sem hafa sagt sig úr einstökum áföngum eða skóla vegna fjarvista hafa ekki leyfi til þess að þreyta próf í lok annar.

Meðferð mála: Ef útreikningar á fjarvistum benda til þess að nemandi segi sig frá skóla með sama áframhaldi skal senda honum áminningarbréf eða foreldrum/forráðamönnum ef nemandi er yngri en 18 ára. Segi nemandi sig úr skóla vegna brota á skólasóknarreglum ber

að senda honum skriflega tilkynningu þess efnis og einnig foreldrum/forráðamönnum ef nemandinn er undir 18 ára aldri.  Nemandinn hefur tímabundinn andmælarétt sem miðast við þrjá virka daga.  Skólameistara er heimilt að gera við nemendur viðverusamning með öðrum skilyrðum en almennar skólasóknarreglur kveða á um.  Á það t.d. við um nemendur yngri en 18 ára og nemendur á framhaldsskólabraut.  Að auki getur nemandi sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum til skólaráðs.  Ekki er haldið fjarvistabókhald í Innu fyrir nemendur á starfsbraut.

ATH.:  Ætlast er til að nemendur fylgist sjálfir með fjarvistum sínum í Innu.

Ef nemandi er ósáttur við fjölda skráðra fjarvista í áfanga skal hann strax hafa samband við viðkomandi kennara.

Nemendum er eindregið ráðlagt að halda sitt eigið fjarvistabókhald.

**P-nám og frjáls mæting**

# P-nám og frjáls mæting V16

Þeir nemendur sem óska eftir p-námi eða frjálsri mætingu verða að sækja um það skriflega og gera grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknareyðublöðin fáið þið hjá aðstoðarskólameistara. Umsóknum skal skilað til aðstoðarskólameistara í síðasta lagi þriðjudaginn 12. janúar. Ákvörðun um það hverjir fá p-heimildir eða frjálsa mætingu verður kunngerð eins fljótt og auðið er.

Hverjir geta sótt um frjálsa mætingu?
1. Þeir nemendur sem náð hafa 21 árs aldri og/eða búa við þær aðstæður að þeir telji sig ekki geta mætt í alla tíma, án þess þó að það komi niður á náminu.
2. Nemendur sem eru 18-20 ára og skrá sig í að hámarki 10 einingar á viðkomandi önn.
Athugið að allir nemendur þurfa að tilgreina áðstæður fyrir umsókn um frjálsa mætingu. Aldur og einingafjöldi veita ekki sjálfkrafa rétt til frjálsrar mætingar.

Hvað fylgir því að fá frjálsa mætingu?
Nemendur með frjálsa mætingu bera sjálfir ábyrgð á eigin námi og þurfa að kynna sér gaumgæfilega hvaða skyldur fylgja því.

Hverjir geta sótt um P-nám?
P-heimild getur komið til álita ef um útskriftarmál er að ræða.

**Allir sem sækja um P-nám skulu koma í viðtal hjá aðstoðarskólameistara í síðasta lagi þriðjudaginn12. janúar.**

Nemendum er bent á að kynna sér upplýsingar um P-nám og frjálsa mætingu í skólasóknarreglum

**Töflubreytingar**

# Töflubreytingar V16

Skoðið stundatöflurnar ykkar vel.  Ef þið hafið ekki fengið inn alla þá áfanga sem þið völduð geta ástæðurnar verið margvíslegar, t.d. að áfanginn er ekki kenndur, ekki er pláss í hóp, árekstar eru milli áfanga o.s.frv.  Enn er hægt að bæta inn áföngum og taka út áfanga.  Athugið að þessar töflubreytingar er eingöngu hægt að gera hjá aðstoðarskólameistara.

Viðtalstímar aðstoðarskólameistara vegna töflubreytinga:
Þriðjudag 5. janúar kl. 8:15-16:00.
Miðvikudag 6. janúar kl. 8:15-16:00.
Fimmtudag 7. janúar kl. 8:15-16:00.
Föstudag 8. janúar kl. 8:15-14:00.

**Komið vel undirbúin í töflubreytingar. Notið stofntöfluna hér fyrir neðan til að finna hvenær áfangar eru kenndir.**

| Kl | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös | Nr. tíma |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8:00-9:00 | A | G | D | H | B | 1 |
| 9:05-10:05 | B | E | C | D | A | 2 |
| 10:20-11:20 | C | A | E | B | F | 3 |
| 11:25-12:25 | G | B | F | A | H | 4 |
| 13:00-14:00 | F | D | H | C | G | 5 |
| 14:10-15:10 | E | C | G | F | | 6 |
| 15:20-16:20 | D | H | | E | | 7 |
| 16:30-17:30 | | | | | | 8 |

A-stokkur:  LANF2NM05(11), LÍFF2AL05(11), SÁL403, HÖNN2FÖ05(21), ÍSLE3MI05(41)
B-stokkur:  LÍFF3LL05(22), STÆR2XZ05(11), ÞÝS403
C-stokkur: SAGA2YS05(21), STÆ413, ÞÝSK1GF05(21), EÐLI2LA05(21)
D-stokkur: SÁLF2ÞS05(21), DANS2TL05(21), EFN313, EFNA2AE05(21), ÍSLE2MB05(11)
E-stokkur: STÆ202, EFNA3RS05(41), ÍSLE2MÁ05(21), NÁMI1NH01(01), NÁMI1NH01(02)
F-stokkur: SAG313, STÆR3DF05(41), UPP203, ENSK2BL05(21)
G-stokkur: SAG403, STÆR2JV05(21), EÐLI2RF05(31), FÉLV2KA05(21)
H-stokkur: SMI293, AUUM1AU05(11), ENSK3VO05(41).

**Íþróttir** eru í A-D stokkum. Nemendur á fyrsta námsári skulu mæta í íþróttatíma í íþróttahöll en nemendur sem komnir eru lengra í námi eiga þess kost að stunda sínar íþróttir utan íþróttatíma í töflu.  Óski þeir slíks, skulu þeir hafa samband við Ingólf Freysson íþróttakennara og gera áætlun í samráði við hann um hvernig skilyrði um íþróttir verða uppfyllt.

Nemendum, sem æfa íþróttagrein á vegum íþróttafélagsins Völsungs, gefst kostur á að skrá sig í **afreksíþróttir**. Hver áfangi í afreksíþróttum gefur tvær einingar og gilda þær sem val í námsferli nemenda. Þeir nemendur sem vilja skrá sig í afreksíþróttir skulu hafa samband við Ingólf Freysson hið allra fyrsta. Afreksíþróttir munu lenda í A, B eða C-stokki á vorönn 2016 en síðar verður auglýst hver þessara stokka verður fyrir valinu.

ATH.:
Eftirtaldir áfangar/hópar eru fullir eða að fyllast: AUUM1AU05(11), ENSK3VO05(41), ÍSLE3MI05(41), SAGA2YS05(21).

Nóg er af lausum plássum í eftirtöldum áföngum: DANS2TL05(21), EÐLI2LA05(21), EÐLI2RF05(31), EFN313, EFNA2AE05(21), EFNA3RS05(41), FÉLV2KA05(21), HÖNN2FÖ05(21), ÍSEL2MB05(11), LÍFF2AL05(11), LÍFF3LL05(22), SAG313, SAG403, SÁL403, SMI293, STÆ202, STÆ413, STÆR2JV05(21), STÆR2XZ05(11), STÆR3DF05(41), UPP203, ÞÝS403, ÞÝSK1GF05(21).

**Öllum töflubreytingum verður að vera lokið þriðjudaginn 12. janúar!**
Þeir sem skrá sig úr áfanga eftir 12. janúar fá einkunnina H í feril og teljast hafa reynt einu sinni við áfangann, þ.e. missa einn prófökurétt af þremur í áfanganum.

**Ertu töflulaus?**
Ef þú ert töflulaus gæti skýringin verið sú að þú ert ekki búin(n) að greiða innritunargjaldið. Taflan þín er þá hjá ritara (fyrir nýnema og endurinnritaða) eða í Innu (hjá öðrum nemendum) og þú færð hana um leið og þú gerir upp skuldina. ATH að Innuaðgangur er lokaður þar til innritunargjaldið er greitt!
Annar möguleiki er að þú hafir ekki skilað inn vali á síðustu önn. Ef svo er þarft þú nauðsynlega að tala við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.
Þriðji möguleikinn er að þú sért ekki með virkan Íslykil. Sæktu um nýjan á island.is.
Ef ekkert af þessu passar er möguleiki að Inna sé að stríða okkur. Hafðu samband við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.

**Árekstrar**
Árekstur kallast það þegar tveir áfangar eru skráðir í sama tímann. Ef tveir áfangar eru skráðir á sama tíma í stundatöflu gildir taflan sem árekstraheimild. Nemendur skulu hafa samband við báða viðkomandi kennara og ákveða **kennararnir** hvernig nemandinn mætir í þessa tíma.

**Íþróttir**

# Íþróttir V16

Íþróttatímar eru í Íþróttahöll, ýmist í aðalsal, litla salnum eða í þreksal. Íþróttir eru allar í stokkum og er hægt að velja um tíma í A, B, C eða D stokk.

Íþróttir á fyrsta námsári eru bæði bóklegar og verklegar. Nemendur á fyrsta námsári skulu mæta í íþróttatíma í íþróttahöll en nemendur sem komnir eru lengra í námi eiga þess kost að stunda sínar íþróttir utan íþróttatíma í töflu. **Óski þeir slíks, skulu þeir hafa samband við Ingólf Freysson íþróttakennara og gera áætlun í samráði við hann um hvernig skilyrði um íþróttir verða uppfyllt**.

Nemendum, sem æfa íþróttagrein á vegum íþróttafélagsins Völsungs, gefst kostur á að skrá sig í **afreksíþróttir**. Hver áfangi í afreksíþróttum gefur tvær einingar og gilda þær sem val í námsferli nemenda. **Þeir nemendur sem vilja skrá sig í afreksíþróttir skulu hafa samband við Ingólf Freysson hið allra fyrsta.** Afreksíþróttir munu lenda í A, B eða C-stokki á vorönn 2016 en síðar verður auglýst hver þessara stokka verður fyrir valinu.

Athugið að aðrir nemendur geta verið í íþróttum á sama tíma og afreksíþróttahópur.

Þeir sem ekki hafa fengið íþróttir í töflu snúi sér til aðstoðarskólameistara.
Þeir sem eru með íþróttaárekstur hafi samband við íþróttakennara.

**Kennsluvefur**

# Kennsluvefur V16

Kennsluvefurinn byggir á opna vefhugbúnaðnum Moodle og er samstarfsverkefni Framhaldsskólans á Húsavík, Menntaskólans á Egilsstöðum, Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, Verkmenntaskóla Austurlands og Austurbrúar.

Á Kennsluvefinn setja kennarar inn efni sem tengist áföngum sem þeir kenna, s.s. námsáætlanir, glærur, myndbönd, verkefni og próf. Mikilvægt er að ALLIR nemendur tengist Kennsluvefnum og noti hann reglulega.

Til þess að tengjast Kennsluvefnum þarf að hafa aðgangs- og lykilorð. Nýnemar og endurinnritaðir fá þau afhent hjá umsjónarkennara við skólasetningu. Aðrir nemendur halda sínum aðgangs- og lykilorðum. Ef nemendur gleyma aðgangs- eða lykilorðum sínum eru þeir beðnir um að snúa sér til Guðrúnar Halldóru Jóhannsdóttur ritara.

Ath. sú breyting hefur verið gerð að nemendur sjá sjálfir um að tengjast þeim áföngum sem þeir eru skráðir í á Kennsluvefnum. Leiðbeiningar um hvernig það er gert má finna HÉR.

Ef upp koma spurningar varðandi skráningu inn á Kennsluvefinn má leita til Guðrúnar Halldóru Jóhanndóttur ritara.

**Aðrar upplýsingar**

# Aðrar upplýsingar V16

**Bókakaup**
Bókalisti vorannar 2016
Nemendur eru hvattir til að skipta eldri bókum sín á milli hér í skólanum.

**Námsferlar nemenda**
Um þessar mundir standa yfir miklar námskrárbreytingar í FSH sem og öðrum framhaldsskólum. Þeir sem eru að hefja nám í framhaldsskóla innritast á nýjar námsbrautir. Eldri nemendur innritast í flestum tilfellum á námsbrautir skv. eldri námskrá. Í upphafi vorannar verður skoðað hvort þessum nemendum kemur betur að klára nám sitt skv. eldri eða yngri námskrá. Athugið að á meðan á námskrárbreytingum stendur verða bæði

gömul og ný áfangaheiti í námsferlum nemenda. Í blönduðum námsferlum er einingafjöldi ekki marktækur. Þetta verður lagað þegar líður á önnina.

**Áfangaheiti**
Í eldri námskrá frá 1999 er auðkenni hvers áfanga sex stafa runa. Fremst er heiti námsgreinarinnar tilgreint með þremur bókstöfum, t.d. ÍSL fyrir íslensku. Næst kemur þriggja stafa tala; fremsta talan táknar hvar áfanginn er í röðinni innan námsgreinar, önnur talan greinir að áfanga með sama undanfara, þriðja talan segir til um einingafjölda áfangans. Áfangaheitið ÍSL103 táknar því að áfanginn er byrjunaráfangi í íslensku sem gefur 3 einingar.
Í yngri námskrá frá 2011 samanstendur auðkenni hvers áfanga af 11 stafa runu. Fyrstu fjórir bókstafirnir vísa til námsgreinarheitis. Þannig vísar ÍSLE í áfangaheitinu ÍSLE2MB05(11) til íslensku. Næst kemur tölustafur sem vísar til þess á hvaða hæfniþrepi áfanginn er. Allir áfangar eru á þrepi 1, 2 eða 3 eftir því hversu miklar hæfnikröfur eru gerðar til nemandans í áfanganum. Því næst koma tveir bókstafir sem vísa til viðfangsefnis áfangans. Í þessu tilfelli vísar MB til þess að áfanginn fjallar um málnotkun og bókmenntir. Næstu tveir tölustafir vísa til einingafjölda í áfanga. Tölurnar 05 segja þannig til um að áfanginn sé 5 einingar. Tölustafirnir tveir í sviganum aftast vísa til þess í hvaða röð skuli taka áfangana. Fyrri tölustafurinn vísar til undanfara en sá seinni til jafngildisáfanga. Þannig þarf að taka áfanga sem merktur er (11) á undan áfanga sem merktur er (21) en ekki skiptir máli hvort áfangi sem merktur er (21) sé tekinn á undan eða eftir áfanga sem merktur er (22).

**Bókasafn FSH** er fyrir ofan aðalinngang skólans við hliðina á stofu 10. Þar er m.a. lesaðstaða og aðgangur að tölvum, prentara og ljósritunarvél, en einnig geta nemendur unnið þar með sínar eigin fartölvur. Nýnemar koma í kynningu á bókasafnið með kennara í lífsleikniáfanganum. Opnunartími bókasafns er frá kl. 8 alla virka daga og á meðan kennsla stendur yfir í skólanum. Viðvera starfsmanns á bókasafni er kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.

**Skápar innan við anddyri.** Nemendur geta leigt sér skáp við anddyri hjá ritara. Leigan er kr. 3.000,- á skólaári (tvær annir). Þar af verða kr. 2.000,- endurgreiddar í lok skólaárs gegn afhendingu lykils.

**Meðferð matvæla og sorps**
Öll neysla matar og drykkjar er bönnuð í kennslustofum skólans.
Nemendur skulu henda sorpi í tunnur með viðeigandi merkingum á nemendagangi. Nauðsynlegt er að skola pappírs- og plastumbúðir áður en þeim er hent og er nemendum bent á að gera það í ræstingakompu á nemendagangi, gegnt skrifstofu ritara.

**Netaðgangur nemenda**
**Sú breyting hefur verið gerð að nemendur fá ekki lengur afhent skólanetföng heldur nota þeir eingöngu eigin netföng. Þeir nemendur sem þurfa aðstoð við að stofna netföng geta leitað til Aðalgeirs Sævars Óskarssonar adalgeir.oskarsson@advania.is**

Heimasvæði þitt er undir “H:” drifi og kvóti verður 50Mb. Vistið gögn ykkar í möppuna “My Documents” eða beint inn á H: drif.

Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvukerfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim.

Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

Athugaðu!
Þegar þú yfirgefur tölvu skalt þú ávallt aftengjast með því að ýta á “Start” hnapp og velja “Log off notandi”.
Tölvustofan er oft mjög umsetin og ekki er leyfilegt að skreppa í burtu frá tölvu nema í mjög stuttan tíma. Ef þú kemur að tölvu þar sem enginn situr en einhver er augljóslega tengdur skalt þú gefa viðkomandi svigrúm til að koma til baka (c.a. 2-3 mínútur), vista síðan það sem unnið er með, aftengja viðkomandi og nota tölvuna:)

**Jóney Jónsdóttir aðstoðarskólameistari**
**joney@fsh.is**

# Húslestur 1.2.2016

**2. tbl. 26. árgangur mánudaginn 1. febrúar 2016. Ritstj. og ábm. Jóney Jónsdóttir**

**Efni:**

**1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.
Mætingarreglur FSH

**2. Val fyrir haustönn 2016 hefst í dag og lýkur 7. mars nk.** Hægt er að skila athugasemdum við valframboð til aðstoðarskólameistara fram til 22. febrúar. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 2. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér.
Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2016. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.
Hægt er að gera námsáætlun í Innu út námstíma nemenda. Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.
Upplýsingar um námsbrautir skólans
Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta
Undanfarareglur áfanga í eldra kerfi
Undanfarareglur í nýju kerfi.

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.
Endanlegt valframboð mun liggja fyrir í dilliviku.

**3. Brautaskipti:** Nemendur sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

# Húslestur 22.2.2016

**3. tbl. 26. árgangur mánudaginn 22. febrúar 2016. Ritstj. og ábm. Jóney Jónsdóttir**

**Efni:**

**1. Önnur fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 96% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.
Mætingarreglur FSH

**2. Val fyrir haustönn 2016 lýkur 7. mars nk.** Valframboð má sjá á heimasíðu skólans eða með því að ýta hér. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 2. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér.
Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2016. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.
Hægt er að gera námsáætlun í Innu fyrir skóladvölina. Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.
Upplýsingar um námsbrautir skólans
Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta
Undanfarareglur áfanga í eldra kerfi
Undanfarareglur í nýju kerfi.

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

**3. Drög að próftöflu** vorannar 2016 eru komin á heimasíðuna. Athugasemdir þurfa að hafa borist aðstoðarskólameistara fyrir 1. apríl.

**4. Brautaskipti:** Nemendur sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

- Eldri Húslestrar

**Framhaldsskólinn á Húsavík / Stóragarði 10 / 640 Húsavík / kt. 430987-2679**
**Sími 464 1344 / Netfang fsh@fsh.is**

- Hafa samband

# Húslestur 1. 4. 2016

**4. tbl. 26. árgangur mánudaginn 1. apríl 2016. Ritstj. og ábm. Jóney Jónsdóttir**

**Efni:**

**1. Þriðja fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 94% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Mætingarreglur FSH.

**2. Vali fyrir haustönn 2016 er lokið.** Þeim sem hafa ekki valið, en vilja vera í námi á næstu önn, er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem fyrst.

**3. Endanleg próftafla vorannar 2016 liggur nú fyrir**. Hér má sjá prófreglur FSH.

**4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 20. apríl.**

**5. Umsókn um einingar fyrir félagsstörf.** Hægt er að sækja um einingar fyrir félagsstörf skv. reglum um námsmat. **Nemendum er bent á að kynna sér reglurnar vel!** Sótt er um í tölvupósti til aðstoðarskólameistara. Umsóknarfrestur er til 25. apríl.

**6. Innritun eldri nemenda, fæddra 1999 eða fyrr, fyrir haustönn 2016 hefst 1. apríl og lýkur 10. júní.** Nemendur á vorönn 2016, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn, þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

**7. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

# Húslestur 26.4.2016

**5. tbl. 26. árgangur þriðjudaginn 26. apríl 2016. Ritstj. og ábm. Jóney Jónsdóttir.**

**Efni:**

**1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 92% mæting. Alltaf er mikilvægt að mæta vel í skólann og ekki síst nú síðustu kennsludaga annarinnar.
Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir haustönn 2016 er lokið.** Þeim sem hafa ekki valið en vilja vera í námi á næstu önn er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara.

**3. Próftafla vorannar 2016. Athugið að hér er um að ræða endanlega próftöflu.** Vinsamlega skoðið töfluna vel og kynnið ykkur prófreglur skólans**.**

**4. Innritun eldri nemenda, fæddra 1999 eða fyrr, fyrir haustönn 2016 hófst 4. apríl og lýkur 31. maí.** Nemendur á vorönn 2016 sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

**5. Brautaskipti:** Nemendur sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

**6**. Nemendur fá kærar þakkir fyrir góða starfsönn og bestu óskir um velgengni í prófunum.

# Húslestur 19.8.2016

**6. tbl. 26. árg. Föstudagur 19. ágúst 2016. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Herdís Þ. Sigurðardóttir**

Velkomin til starfa á nýju skólaári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í skólanámskrá á vef skólans. Enn fremur eru flestar brautalýsingar á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Skólasetning verður kl. 13:00 föstudaginn 19. ágúst. Umsjónartími verður strax eftir skólasetningu þar sem umsjónarkennarar fara yfir hagnýt atriði með nemendum. Kennsla hefst mánudaginn 22. ágúst skv. stundatöflu. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að próf verða frá 8. til 19. desember og önninni lýkur með prófsýningu þann 20. desember.

**Starfsfólk skólans**
Skólameistari: Jóney Jónsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi virka daga kl. 8-16.
Aðstoðarskólameistari: Herdís Þ. Sigurðardóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi virka daga kl. 8-12.
Námsráðgjafi: Rakel Dögg Hafliðadóttir. Viðtalstímar auglýstir síðar.
Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar auglýstir síðar.
Fjármálastjóri og ritari: Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir. Hún er við mánudaga til fimmtudaga kl. 8-16 og föstudaga kl. 8-13.
Bókavörður: Elín S. Kristjánsdóttir. Bókasafn er opið á meðan kennsla stendur yfir í skólanum en bókavörður er við kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.
Umsjónarmaður húsnæðis: Guðrún Reynisdóttir.
Umsjónarmaður tölvukerfis: Aðalgeir Sævar Sigurgeirsson. Almennur viðverutími á mánud. kl. 10-12, þriðjud. kl. 10-11:30 og fimmtud. kl. 10-11.

**Kennarar á haustönn 2016**

| | |
|---|---|
| Auður Jónasdóttir | Starfsbraut. |

Ásta Svavarsdóttir Íslenska.
Elín Rúna Backman Líffræði, lífræn efnafræði.
Gunnar Árnason: Lífsleikni, matur og menning, sálfræði.
Gunnar Baldursson Eðlisfræði; efnafræði.
Ingólfur Freysson Félagsfræði, íþróttir; lífsleikni.
Knútur Arnar Hilmarsson Stærðfræði.
Rakel Dögg Hafliðadóttir: Stærðfræði; námstækni og hvatning.
Sigurður Narfi Rúnarsson Hugur og hönnun; starfsbraut.
Smári Sigurðsson Enska; þýska.
Valdimar Stefánsson Listir, menning og vísindi; saga.

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi

**Umsjónarkennarar og umsjónartímar**

# Umsjón H16

Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og kallar nemendur í viðtal þegar þurfa þykir. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar sem hér segir:

**Umsjónarkennarar:**
Auður Jónasdóttir Starfsbraut
Rakel Dögg Hafliðadóttir Nemendur á félagsfræðibraut/félags- og hugvísindabraut sem ekki hyggja á námslok vorið 2017
Ingólfur Freysson Nemendur á framhaldsbraut og almennri braut. Viðtalstímar auglýstir síðar
Gunnar Baldursson Nemendur á náttúrufræðibraut/náttúruvísindabraut sem ekki hyggja á námslok vorið 2017
Herdís Þ. Sigurðardóttir Nemendur sem hyggja á námslok vorið 2017

**Umsjón**
Einu föstu umsjónartímarnir eru í upphafi annar, að lokinni skólasetningu, fyrir nemendur fædda 1999 og 2000 auk annarra nýnema og endurinnritaðra. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar nemendum til aðstoðar með val og námsáætlun. Jafnframt taka umsjónarkennarar viðtöl á hverri önn við nemendur undir 18 ára aldri þar sem farið er yfir stöðuna í náminu, líðan í skólanum og aðra þætti.
Drög að valframboði fyrir næstu önn munu liggja fyrir í þriðju viku september og geta nemendur sent aðstoðarskólameistara tölvupóst á herdis@fsh.is með ábendingum um hvaða áfanga þarf að kenna á næstu önn. Þetta þýðir að vinna við námsáætlun og val fyrir næstu önn hefst snemma á önninni og eru áætlaðar 3-4 vikur í þessa vinnu. Vali fyrir vorönn 2016 verður að ljúka í síðasta lagi **föstudaginn 21. október**. Ætlast er til að nemendur búi til námsáætlun og velji í Innu undir leiðsögn umsjónarkennara. Umsjónartími vegna aðstoðar við val, fyrir þá sem það vilja, verður haldinn **fimmtudaginn 13. október**.
Athugið að skólanámskrá er á heimasíðu skólans. Þar eru m.a. upplýsingar um alla áfanga og brautir skólans, námsmat, fjarvistakerfið o.fl.

**Þeir sem hyggja á útskrift við skólaslit vorið 2017 eru beðnir að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.**

**Inna og Innuaðgangur**

# Inna og Innuaðgangur H16

**Aðgangur nemenda að skólakerfinu Innu**
Aðgangur nemenda að Innu er virkjaður þegar þeir hafa greitt skólagjöld. Slóðin er http://www.inna.is/Nemendur. Notandanafn er kennitala nemenda. Lykilorð er **Íslykill** sem sótt er um á http://www.island.is. Lykilorðið er sent í pósti eða í heimabanka. Þegar farið er inn í Innu kemur stundataflan upp. Upplýsingar um námsferil, einkunnir, fjarvistir o.fl. fá nemendur með því að smella á nafnið sitt fyrir ofan stundatöfluna. Hægt er að prenta út stundatöflu, námsferil o.fl. úr Innu.
Athugið að til að komast inn á Innu þurfið þið aðgang að tölvukerfi skólans. Hann fáið þið hjá Aðalgeiri Sævari kerfisstjóra. **Aðalgeir verður við á mánudögum kl. 10-12, þriðjudögum kl. 10-11:30 og fimmtudögum kl. 10-11**. Ath. skrifstofa Aðalgeirs hefur verið færð úr kjallara yfir á kennaragang!

Vinsamlega athugið hvort persónuupplýsingar í Innu eru réttar og breytið þeim ef við á, t.d. heimilisfangi ef aðsetur er annað en lögheimili og símanúmeri ef það hefur breyst.

**Hér má finna upplýsingar um Innu**

**Um húsnæði skólans**

# Húsnæði H16

**Húsnæði skólans**
Í kennaraálmu eru skrifstofur skólameistara, aðstoðarskólameistara, námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings, kennarastofa og vinnuherbergi kennara. Vinnuherbergi Gunnars Baldurssonar er þó við hliðina á stofu 9. Skrifstofa skólans er framan við kennaraálmu og þar hefur ritari og fjármálastjóri aðsetur. Umsjónarmaður húsnæðis hefur aðstöðu í herbergi gegnt skrifstofu. Nemendur eru beðnir að virða viðtalstíma kennara. Notfærið ykkur pósthólf þeirra sem eru í kennaraálmu gegnt skrifstofu aðstoðarskólameistara. Þau er sérstaklega ætluð fyrir nemendur sem þurfa að koma skilaboðum til kennara eða skila verkefnum. Bókasafn er á efri hæð skólans fyrir ofan aðalinngang nemenda. Aðstaða nemenda, t.d. matar- og setustofa, er í kjallara í aðalkennsluálmu.

**Kennslustofurnar**
Stofur 1, 2, 3, 4 og 5 eru á efri hæð í aðalkennsluálmu, 1, 2 og 3 nær anddyri.
Stofur 6, 7, 8 og 9 (raungreinastofa) eru á jarðhæð í kennsluálmu, stofa 6 næst anddyri en stofa 9 fjærst. Stofa 6 verður lítið notuð fyrir kennslu í vetur og er ásamt bókasafni hentug þeim sem vilja ljúka heimanámi í skólanum.
Stofur 11 (kvikmyndastofa) og 12 (myndmenntastofa) eru í kjallara kennaraálmu.
Stofa 10 er fyrir ofan nemendainngang, við hliðina á bókasafninu, og er eingöngu ætluð nemendum á starfsbraut.
Stofa ÍÞ er í íþróttahúsi.
Stofa 1 er tölvustofa. Stofan er opin nemendum þegar engin kennsla fer þar fram. Þá hafa nemendur tækifæri til vinna þar verkefni sem tengjast skólanum. Forsenda þess að hægt sé að

hafa stofuna opna er að allir nemendur gangi vel um og hlíti öllum þeim umgengnisreglum sem settar eru.  Við stofuna er auglýsing um opnunartíma og umgengnisreglur.

**Athygli er vakin á því að innangengt er milli nemendaaðstöðu í kjallara og stofa 11 og 12.  Nemendur eru vinsamlegast beðnir um að nota þessa leið í stað þess að fara gegnum kennaraálmuna.**

**Skólasóknarreglur**

# Skólasóknarreglur H16

**Meginregla:   Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.**

Veitt er ákveðið svigrúm frá þessari meginreglu sem hér segir:
Heildarskólasókn nemenda má ekki vera undir 90%.
Skólasókn í hverjum einstökum áfanga má ekki vera undir 85%.

Leyfi frá skólasókn getur skólameistari og aðstoðarskólameistari gefið ef sérstakar ástæður liggja að baki.  Öðrum er ekki heimilt að veita leyfi frá mætingu, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

**Viðverumerkingar í kennslustundum:**
M = sjálfgefinn viðverukóði, nemandinn er í tímanum.
F = fjarvist úr 60 mínútna tíma. Gefur 1 fjarvistastig.
G = fjarvist úr 40 mínútna tíma. Gefur 0,67 fjarvistastig.

ATH. Komi nemandi of seint í kennslustund, þ.e. eftir að kennari er búinn að lesa upp og kennsla er hafin, telst nemandinn fjarverandi þá kennslustund.

**Frádráttarliðir fjarvista:**
V = veikindi
L = leyfi
A = töfluárekstur

Það svigrúm sem nemendur hafa skv. skólasóknarreglum geta þeir nýtt, t.d. ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá.

**Reglur um tilkynningu og skráningu veikinda við FSH**

1. Tilkynningar um veikindi skulu berast til skólaritara á milli kl 8 og 9 þann morgun sem nemandinn er veikur. Tilkynningar, sem berast á öðrum tíma, eru ekki teknar til greina.
2. Veikindi nemenda sem ekki hafa náð 18 ára aldri skulu tilkynnt af forráðamanni.
3. Verði nemendur uppvísir að því að misnota rétt sinn til fjarvista vegna veikinda skal breyta veikindaforföllum í fjarvist.
4. Skólanum er heimilt að krefjast læknisvottorða vegna langtíma veikinda.  Langveikum nemendum er bent á að hafa samband við stjórnendur skólans í upphafi annar.

Nemendum skal gefin einkunn í prósentum fyrir skólasókn. Skólasókn er ekki metin til eininga.

**Viðurlög:**
Nái nemandi ekki tilskilinni skólasókn í einum áfanga (þ.e. 85%) er litið svo á að hann hafi þar með sagt sig úr þeim áfanga. Fær hann þá skráða einkunnina H (hættur) fyrir áfangann í námsferil sinn. Fari nemandi niður fyrir leyfilegt lágmark í heildarskólasókn (þ.e. 90%) er litið á það sem úrsögn úr skólanum. Nemendur sem hafa sagt sig úr einstökum áföngum eða skóla vegna fjarvista hafa ekki leyfi til þess að þreyta próf í lok annar.

**Meðferð mála:**
Ef útreikningar á fjarvistum benda til þess að nemandi segi sig frá skóla með sama áframhaldi skal senda honum áminningarbréf eða foreldrum/forráðamönnum ef nemandi er yngri en 18 ára. Segi nemandi sig úr skóla vegna brota á skólasóknarreglum ber að senda honum skriflega tilkynningu þess efnis og einnig foreldrum/forráðamönnum ef nemandinn er undir 18 ára aldri. Nemandinn hefur tímabundinn andmælarétt sem miðast við þrjá virka daga. Skólameistara er heimilt að gera við nemendur viðverusamning með öðrum skilyrðum en almennar skólasóknarreglur kveða á um. Á það t.d. við um nemendur yngri en 18 ára og nemendur á framhaldsskólabraut. Að auki getur nemandi sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum til skólaráðs. Ekki er haldið fjarvistabókhald í Innu fyrir nemendur á starfsbraut.

**Undanþágur frá íþróttaáföngum.**
Nemendum, sem hafa lokið tveimur íþróttaáföngum, er heimilt að stunda íþróttir utan stundatöflu í samráði við íþróttakennara. Þessir nemendur geta fengið aðra líkamsrækt, s.s. sund og þjálfun á líkamsræktarstöð, metna til eininga að því gefnu að þeir stundi líkamsrækt í a.m.k. 80 mínútur á viku á yfirstandandi önn. Þó getur með þessu móti aldrei verið um meira en eina einingu að ræða á hverri námsönn.

ATH: Ætlast er til að nemendur fylgist sjálfir með fjarvistum sínum í Innu.

Ef nemandi er ósáttur við fjölda skráðra fjarvista í áfanga skal hann strax hafa samband við viðkomandi kennara.

Nemendum er eindregið ráðlagt að halda sitt eigið fjarvistabókhald!

**P-nám og frjáls mæting**

# Frjáls mæting og P-nám H16

**Þeir nemendur sem fá frjálsa mætingu hafa heimild til að sleppa kennslustund ef það er óhjákvæmilegt. Hjá þeim nemendum er ekki haldið fjarvistabókhald. Sótt er um frjálsa mætingu til aðstoðarskólameistara í fyrstu viku hverrar annar.**

Eftirfarandi nemendur geta sótt um frjálsa mætingu:

Nemendur sem náð hafa 21 árs aldri. Aldurinn heimilar hins vegar ekki sjálfkrafa frjálsa mætingu.
Nemendur sem af sérstökum ástæðum telja sig ekki geta uppfyllt 90% skólasókn.
Nemendur sem eru 18-20 ára og skrá sig í að hámarki 16 einingar á viðkomandi önn.

Allir nemendur sem sækja um frjálsa mætingu þurfa að tilgreina ástæður umsóknar.

Frekari ákvæði um nemendur með frjálsa mætingu:

1. Nemendur og kennarar gera samning um verkefnaskil og námsmat. Skyldur nemenda ráðast af samningi þessum.
2. Kennari þarf ekki að koma upplýsingum sérstaklega til nemenda.
3. Nemendur eiga að mæta undirbúnir í hvern þann tíma sem þeir sækja. Þeir hafa engan sérstakan rétt til að krefja kennara um kennslu í námsatriðum, sem hann kann að hafa farið yfir að þeim fjarstöddum.
4. Þeim er bent á að vera með tengilið úr hópi nemenda í hverjum áfanga.
5. Nú hefur nemandi með frjálsa mætingu ekki samband við kennara fyrstu þrjár kennsluvikur annarinnar og lætur ekki vita af sér að öðru leyti. Þá áskilur Framhaldsskólinn á Húsavík sér rétt til að skrá viðkomandi nemanda úr námi, enda hafi frekari eftirgrennslanir reynst árangurslausar.
6. Skólanum ber ekki skylda til þess að heimila nemendum með frjálsa mætingu að taka próf annars staðar en í húsnæði Framhaldsskólans á Húsavík.

Athygli er vakin á því að sumir áfangar eru þess eðlis að ekki er hægt að heimila frjálsa mætingu í þeim. Þar má nefna íþróttir, skyndihjálp og lífsleikni.

**Athugið að frjáls mæting er EKKI sama og fjarnám!**

**P-nám.**
P-áfangar kallast þeir áfangar þar sem nemandi þreytir próf án tímasóknar.

Nemendur, sem náð hafa einkunninni 8 eða hærra í undanfara, geta sótt um p-áfanga. Nemandi getur þó aldrei tekið meira en 10 einingar í p-námi á önn (6 einingar skv. eldri námskrá).

Enn fremur er hægt að sækja um p-nám ef sýnt er að áætluð námslok frestist að öðrum kosti og nemandinn hefur almennt staðið sig vel í námi að öðru leyti.

Sótt er um p-áfanga til aðstoðarskólameistara í fyrstu viku hverrar annar.

Nemandi fær í upphafi annar vinnuáætlun frá kennara, þar sem fram koma upplýsingar um námsefni, námsmat og verkefnaskil. Um nemendur í p-námi geta gilt aðrar reglur varðandi þessi efni en hjá öðrum nemendum.

P-nemanda er skylt að hafa samband við kennarann í upphafi annar og skipuleggja nám sitt í samráði við hann. Nemandinn skal ætíð hafa frumkvæði að því að hitta kennarann.

Athygli er vakin á því að sumir áfangar eru þess eðlis að ekki er unnt að leggja stund á þá án tímasóknar.

**Töflubreytingar H16**

# Töflubreytingar H16

Skoðið stundatöflurnar ykkar vel. Ef þið hafið ekki fengið inn alla þá áfanga sem þið völduð geta ástæðurnar verið margvíslegar, t.d. að áfanginn er ekki kenndur, ekki er pláss í hóp, árekstar eru milli áfanga o.s.frv. Enn er hægt að bæta inn áföngum og taka út áfanga. Athugið að þessar töflubreytingar er eingöngu hægt að gera hjá aðstoðarskólameistara.

**Viðtalstímar aðstoðarskólameistara vegna töflubreytinga:**
Mánudag 22. ágúst kl. 8:15-16:00
Þriðjudag 23. ágúst kl. 8:15-9:45
Miðvikudag 24. ágúst kl. 8:15-11:45
Fimmtudag 25. ágúst kl. 8:15-9:45
Föstudag 26. ágúst kl. 8:15-12:00

**Öllum töflubreytingum verður að vera lokið föstudaginn 26. ágúst!**

**Komið vel undirbúin í töflubreytingar. Notið stofntöfluna hér fyrir neðan til að finna hvenær áfangar eru kenndir.**

**Stokatafla**

| Tími | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 8:15-9:15 | A | G | D | H | B |
| 9:20-10:20 | B | E | C | D | A |
| 10:35-11:35 | C | A | B | E | F |
| 11:40-12:40 | G | B | F | A | H |
| 13:10-14:10 | F | D | H | C | G |
| 14:15-15:15 | E | C | G | F | |
| 15:20-16:20 | D | H | E | | |

A-stokkur: EFEÐ1EE05(11)-2, EFNA3RL05(42), ÍSLE2MB05(11), ÞÝSK1GR05(11)
B-stokkur: EFNA3GE05(31), ENSK1UN05(01), ÍSLE3EE05(42), LÍFS1HN05(11)-1, SAGA3HS05(31), STÆR2XZ05(11)
C-stokkur: HÖNN1HH05(11), SAGA1YS05(11)-1, STÆR2TÖ05(32), STÆR2VH05(31)
D-stokkur: ENSK2RL05(11), ÍSLE3BÓ05(31), MOME1NL05(11)
E-stokkur: LÍFF3VF05(23), LÍFS1HN05(11)-2, SAGA3MM05(33), SÁLF2IS05(11)
F-stokkur: EFEÐ1EE05(11)-1, FÉLV3ST05(31), STÆR1FO05(01), STÆR2JV05(21), ÞÝSK1ÞB05(31)
G-stokkur: EÐLI2RF05(31), FÉLV1IF05(11), LMVÍ1SV04(11), STÆR3HI05(51)
H-stokkur: ENSK3BO05(31), ÍSLE1UN05(01), SAGA1YS05(11)-2, SÁLF3GE05(31)

**Íþróttir** eru í A-D stokkum. Íþróttir á fyrsta námsári eru bæði bóklegar og verklegar. Nemendur á fyrsta námsári skulu mæta í íþróttatíma í íþróttahöll en nemendur sem komnir eru lengra í námi eiga þess kost að stunda sínar íþróttir utan íþróttatíma í töflu. Óski þeir slíks, skulu þeir hafa samband við Ingólf Freysson íþróttakennara og gera áætlun í samráði við hann um hvernig skilyrði um íþróttir verða uppfyllt.

Nemendum, sem æfa íþróttagrein á vegum íþróttafélagsins Völsungs, gefst kostur á að skrá sig í **afreksíþróttir**. Hver áfangi í afreksíþróttum gefur tvær einingar og gilda þær sem val í

námsferli nemenda.  Þeir nemendur sem vilja skrá sig í afreksíþróttir skulu hafa samband við Ingólf Freysson hið allra fyrsta. Auglýst verður síðar í hvaða stokki afreksíþróttir lenda (þ.e. A, B, C eða D).

ATH.:
Eftirtaldir áfangar/hópar eru fullir eða að fyllast: STÆR2TÖ05(32), ÞÝSK1GR05(11).

Nóg er af lausum plássum í flestum öðrum áföngum.

**Ertu töflulaus?**
Ef þú ert töflulaus gæti skýringin verið sú að þú ert ekki búin(n) að greiða innritunargjaldið.  Taflan þín er þá hjá ritara (fyrir nýnema og endurinnritaða) eða í Innu (hjá öðrum nemendum) og þú færð hana um leið og þú gerir upp skuldina.  ATH að Innuaðgangur er lokaður þar til innritunargjaldið er greitt!
Annar möguleiki er að þú hafir ekki skilað inn vali á síðustu önn. Ef svo er þarft þú nauðsynlega að tala við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.
Þriðji möguleikinn er að þú sért ekki með virkan Íslykil.  Sæktu um nýjan á island.is.
Ef ekkert af þessu passar er möguleiki að Inna sé að stríða okkur.  Hafðu samband við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.

**Árekstrar**
Árekstur kallast það þegar tveir áfangar eru skráðir í sama tímann. Ef tveir áfangar eru skráðir á sama tíma í stundatöflu gildir taflan sem árekstraheimild. Nemendur skulu hafa samband við báða viðkomandi kennara og ákveða **kennararnir** hvernig nemandinn mætir í þessa tíma.

**Íþróttir**

# Íþróttir H16

Íþróttatímar eru í Íþróttahöll, ýmist í aðalsal, litla salnum eða í þreksal.  Íþróttir eru allar í stokkum og er hægt að velja um tíma í A, B, C eða D stokk.

Íþróttir á fyrsta námsári eru bæði bóklegar og verklegar.  Nemendur á fyrsta námsári skulu mæta í íþróttatíma í íþróttahöll en nemendur sem komnir eru lengra í námi eiga þess kost að stunda sínar íþróttir utan íþróttatíma í töflu.  Óski þeir slíks, skulu þeir hafa samband við Ingólf Freysson íþróttakennara og gera áætlun í samráði við hann um hvernig skilyrði um íþróttir verða uppfyllt.

Nemendum, sem æfa íþróttagrein á vegum íþróttafélagsins Völsungs, gefst kostur á að skrá sig í **afreksíþróttir**.  Hver áfangi í afreksíþróttum gefur tvær einingar og gilda þær sem val í námsferli nemenda.  **Þeir nemendur sem vilja skrá sig í afreksíþróttir skulu hafa samband við Ingólf Freysson hið allra fyrsta.**  Afreksíþróttir munu lenda í A, B, C eða D-stokki á haustönn 2016 en síðar verður auglýst hver þessara stokka verður fyrir valinu.

Athugið að aðrir nemendur geta verið í íþróttum á sama tíma og afreksíþróttahópur.

Þeir sem ekki hafa fengið íþróttir í töflu snúi sér til aðstoðarskólameistara.
Þeir sem eru með íþróttaárekstur hafi samband við íþróttakennara.

**Kennsluvefur**

# Kennsluvefur H16

Kennsluvefurinn byggir á opna vefhugbúnaðnum Moodle og er samstarfsverkefni Framhaldsskólans á Húsavík, Menntaskólans á Egilsstöðum, Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, Verkmenntaskóla Austurlands og Þekkingarnets Austurlands.

Á Kennsluvefinn setja kennarar inn efni sem tengist áföngum sem þeir kenna, s.s. námsáætlanir, glærur, myndbönd, verkefni og próf. Mikilvægt er að ALLIR nemendur tengist Kennsluvefnum og noti hann reglulega.

Til þess að tengjast Kennsluvefnum þarf að hafa aðgangs- og lykilorð. Nýnemar og endurinnritaðir fá þau afhent hjá umsjónarkennara við skólasetningu. Aðrir nemendur halda sínum aðgangs- og lykilorðum. Ef nemendur gleyma aðgangs- eða lykilorðum sínum eru þeir beðnir um að snúa sér til Guðrúnar Halldóru Jóhannsdóttur ritara.

Ath. sú breyting hefur verið gerð að nemendur sjá sjálfir um að tengjast þeim áföngum sem þeir eru skráðir í á Kennsluvefnum. Leiðbeiningar um hvernig það er gert má finna HÉR.

Ef upp koma spurningar varðandi skráningu inn á Kennsluvefinn má leita til Guðrúnar Halldóru Jóhanndóttur ritara.

**Aðrar upplýsingar**

# Aðrar upplýsingar 2016

**Bókakaup**
Bókalisti haustannar 2016.
Nemendur eru hvattir til að skipta eldri bókum sín á milli hér í skólanum.

**Námsferlar nemenda**
Um þessar mundir standa yfir námskrárbreytingar í FSH sem og öðrum framhaldsskólum. Þeir sem eru að hefja nám í framhaldsskóla innritast á nýjar námsbrautir. Hluti eldri nemenda hóf aftur á móti nám sitt skv. eldri námskrá. Skoðað verður hvort þessum nemendum kemur betur að klára nám sitt skv. eldri eða yngri námskrá. Athugið að á meðan á námskrárbreytingum stendur verða bæði gömul og ný áfangaheiti í námsferlum eldri nemenda. Í blönduðum námsferlum er einingafjöldi ekki marktækur. Þetta verður lagað áður en að útskrift kemur

**Áfangaheiti**
Í eldri námskrá frá 1999 er auðkenni hvers áfanga sex stafa runa. Fremst er heiti námsgreinarinnar tilgreint með þremur bókstöfum, t.d. ÍSL fyrir íslensku. Næst kemur þriggja stafa tala; fremsta talan táknar hvar áfanginn er í röðinni innan námsgreinar, önnur talan greinir að áfanga með sama undanfara, þriðja talan segir til um einingafjölda áfangans. Áfangaheitið ÍSL103 táknar því að áfanginn er byrjunaráfangi í íslensku sem gefur 3 einingar.
Í yngri námskrá frá 2011 samanstendur auðkenni hvers áfanga af 11 stafa runu. Fyrstu fjórir

bókstafirnir vísa til námsgreinarheitis. Þannig vísar ÍSLE í áfangaheitinu ÍSLE2MB05(11) til íslensku. Næst kemur tölustafur sem vísar til þess á hvaða hæfniþrepi áfanginn er. Allir áfangar eru á þrepi 1, 2 eða 3 eftir því hversu miklar hæfnikröfur eru gerðar til nemandans í áfanganum. Því næst koma tveir bókstafir sem vísa til viðfangsefnis áfangans. Í þessu tilfelli vísar MB til þess að áfanginn fjallar um málnotkun og bókmenntir. Næstu tveir tölustafir vísa til einingafjölda í áfanga. Tölurnar 05 segja þannig til um að áfanginn sé 5 einingar. Tölustafirnir tveir í sviganum aftast vísa til þess í hvaða röð skuli taka áfangana. Fyrri tölustafurinn vísar til undanfara en sá seinni til jafngildisáfanga. Þannig þarf að taka áfanga sem merktur er (11) á undan áfanga sem merktur er (21) en ekki skiptir máli hvort áfangi sem merktur er (21) sé tekinn á undan eða eftir áfanga sem merktur er (22).

**Bókasafn FSH** er fyrir ofan aðalinngang skólans við hliðina á stofu 10. Þar er m.a. lesaðstaða og aðgangur að tölvum, prentara og ljósritunarvél, en einnig geta nemendur unnið þar með sínar eigin fartölvur. Nýnemar koma í kynningu á bókasafnið með kennara í lífsleikniáfanganum. Opnunartími bókasafns er frá kl. 8 alla virka daga og á meðan kennsla stendur yfir í skólanum. Viðvera bókasafnsfræðings er kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.

**Skápar innan við anddyri.** Nemendur geta leigt sér skáp við anddyri hjá ritara. Leigan er kr. 3.000,- á skólaári (tvær annir). Þar af verða kr. 2.000,- endurgreiddar í lok skólaárs gegn afhendingu lykils.

**Meðferð matvæla og sorps**

Öll neysla matar og drykkjar er bönnuð í kennslustofum skólans.
Nemendur skulu henda sorpi í tunnur með viðeigandi merkingum á nemendagangi. Nauðsynlegt er að skola pappírs- og plastumbúðir áður en þeim er hent og er nemendum bent á að gera það í ræstingakompu á nemendagangi, gegnt skrifstofu ritara.

**Netaðgangur nemenda**

**Nemendur fá ekki lengur afhent skólanetföng heldur nota þeir eingöngu eigin netföng. Þeir nemendur sem þurfa aðstoð við að stofna netföng geta leitað til Aðalgeirs Sævars Óskarssonar adalgeir.oskarsson@advania.is**

Heimasvæði þitt er undir “H:” drifi og kvóti verður 50Mb. Vistið gögn ykkar í möppuna “My Documents” eða beint inn á H: drif.

Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvukerfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim.
Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

Athugaðu!
Þegar þú yfirgefur tölvu skalt þú ávallt aftengjast með því að ýta á “Start” hnapp og velja “Log off notandi”.
Tölvustofan er oft mjög umsetin og ekki er leyfilegt að skreppa í burtu frá tölvu nema í mjög stuttan tíma. Ef þú kemur að tölvu þar sem enginn situr en einhver er augljóslega tengdur skalt þú gefa viðkomandi svigrúm til að koma til baka (c.a. 2-3 mínútur), vista síðan það sem unnið er með, aftengja viðkomandi og nota tölvuna:)

Herdís Þ. Sigurðardóttir, aðstoðarskólameistari, herdis@fsh.is

# Húslestur 12.09.2016

**7. tbl. 26. árgangur mánudaginn 12. september 2016.  Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir**

**Efni:**

**1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar.**  Viðmið er 98% mæting.  Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.  Ánægjulegt er að greina frá því að enginn nýnemi er undir fjarvistaviðmiði. **HÉR** má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.
Mætingarreglur FSH

**2. Val fyrir vorönn 2016 hefst í dag og lýkur þriðjudaginn 21. október nk.**  Hægt er að skila athugasemdum við valframboð til aðstoðarskólameistara fram til **3. október**.  Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn **13. október** en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð.  Ætlast er til að nýnemar fæddir árið 2000 komi í þennan umsjónartíma nema þeir séu búnir að velja áður með aðstoð umsjónarkennara.  Leiðbeiningar um val í Innu er að finna **Hér**.
Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir vorönn 2017.  Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.
Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á fimmtudögum.
Upplýsingar um námsbrautir skólans
Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta
Undanfarareglur áfanga í eldra kerfi
Undanfarareglur áfanga í nýju kerfi

**Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur.**  Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.
Endanlegt valframboð mun liggja fyrir mánudaginn **7. október**.
Drög að valframboði er að finna **HÉR**.

**3. Brautaskipti:**  Nemendur, sem vilja skipta um braut þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

# Húslestur 3.10.2016

**8. tbl. 26. árgangur mánudaginn 3. október 2016.  Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir**

**Efni:**

**1. Önnur fjarvistatalning annarinnar.**  Viðmið er 96% mæting.  Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.
Hérmá sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.
Mætingarreglur FSH

**2. Val fyrir vorönn 2016 er hafið og lýkur 21. október nk.** Umsjónartími vegna valsins verður **fimmtudaginn 13. október** en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Ætlast er til að nýnemar fæddir árið 2000 komi í þennan umsjónartíma nema þeir séu búnir að velja áður með aðstoð umsjónarkennara. Enn fremur verða umsjónarkennarar eldri nema á staðnum og leiðbeina þeim sem vilja aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér.
Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir vorönn 2017. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á fimmtudögum.
Upplýsingar um námsbrautir skólans
Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta
Áfangaheiti í nýrri námskrá
Undanfarareglur áfanga.
Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.
Hér er listi yfir áfanga í boði á vorönn 2017.

**3. Drög að próftöflu haustannar 2016 liggja nú fyrir.** Hægt er að skila athugasemdum til aðstoðarskólameistara til föstudagsins **18. nóvember** nk. Í nóvember verður haft samband við fjarnema (nemendur í formlegu fjarnámi og nemendur Fjarmenntaskólans) varðandi hentuga staðsetningu fyrir lokapróf í þeim áföngum þar sem um slíkt er að ræða. Ætlast er til þess að nemendur með frjálsa mætingu taki lokapróf í húsnæði FSH.

**4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa**, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en mánudaginn 21. nóvember.

**5. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

# Húslestur 27.10.2016

**9. tbl. 26. árgangur Fimmtudaginn 27. október 2016. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir**

**Efni:**

**1. Þriðja fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 94% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.
Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir vorönn er lokið.** Þeim, sem hugsanlega gleymdu að velja er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara.

**3. Drög að próftöflu haustannar 2016 liggja nú fyrir.** Hægt er að skila athugasemdum til aðstoðarskólameistara til 17. nóvember nk.

**4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 21. nóvember.**

**5. Innritun fyrir vorönn 2016 hefst 1. nóvember og lýkur 30. nóvember.** Þeir sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

6. **Miðannarmati** er lokið. **Hér** má lesa um námsmat skólans og eru upplýsingar um miðannarmat þar á meðal. Nemendur eru hvattir til að skoða það vel. Haft hefur verið samband við aðstandendur ólögráða nemenda sem hafa fengið D í einhverjum áfanga á miðannarmati eða þrjú eða fleiri C.

**7. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

# Húslestur 22.11.2016

**10. tbl. 26. árgangur þriðjudaginn 22. nóvember 2016. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir**

**Efni:**

**1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 92% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.
Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir vorönn 2016 er lokið.** Þeim, sem hugsanlega gleymdu að velja, er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara.

**3. Próftafla haustannar 2016 liggur nú fyrir og er orðin endanleg. Hér** má sjá prófreglur FSH.

**4.** Frestur til að sækja um sérúrræði í prófum rann út 21. nóvember. Með sérúrræðum er t.d. átt við lengri próftíma, fámenna prófstofu og lituð prófblöð. Ef einhverjir eiga enn eftir að sækja um sérúrræði, er þeim bent á að hafa samband við námsráðgjafa hið snarasta. **Ekki verður hægt að bregðast við óskum um fámennar prófstofur sem berast eftir föstudaginn 25. nóvember.**

**5. Innritun fyrir vorönn 2017 lýkur 30. nóvember.** Þeir, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

**6. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

**7. Kennsla á vorönn 2017 hefst miðvikudaginn 4. janúar skv. stundaskrá.** Skrifstofan opnar kl. 8:15 þriðjudaginn 3. janúar. Töflubreytingar verða auglýstar í fyrsta Húslestri næsta árs.

# Húslestur 4.1.2017

**1. tbl. 27. árg. miðvikudagur 4. janúar 2017. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Herdís Þ. Sigurðardóttir.**

Velkomin til starfa á nýju skólaári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í skólanámsskrá á vef skólans. Enn fremur eru flestar brautalýsingar á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Skrifstofa skólans opnar kl. 8:00 þriðjudaginn 3. janúar.

**Vorönn hefst á því að allir nemendur mæta í umsjónartíma kl. 8:15 miðvikudaginn 4. janúar:**
Rakel Dögg Hafliðadóttir: Félags- og hugvísindabraut (aðrir en útskriftarnemar), stofa 7.
Gunnar Baldursson: Náttúruvísindabraut (aðrir en útskriftarnemar), stofa 9.
Ingólfur Freysson: Almenn braut, stofa 5.
Herdís Þ. Sigurðardóttir: Útskriftarnemar og nemar á ótilgreindri námsbraut, stofa 3.
Auður Jónasdóttir: Starfsbraut, stofa 10 (sérstofa).

Nýnemar og endurinnritaðir fá stundatöflur sínar afhentar hjá umsjónarkennurum en aðrir nemendur sækja sínar stundatöflur í Innu. Athugið að skólagjöld þurfa að hafa verið greidd til þess að hægt sé að opna Innu. **Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá kl. 9:20 miðvikudaginn 4. janúar**. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að valdagur verður haldinn 9. mars. Próf verða frá 10. til 22. maí og önninni lýkur með útskrift þann 27. maí.

**Starfsfólk skólans**
Skólameistari: Jóney Jónsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi.
Aðstoðarskólameistari: Herdís Þ. Sigurðardóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi virka daga kl. 8:15-13.
Námsráðgjafi: Rakel Dögg Hafliðadóttir. Viðtalstímar verða auglýstir síðar.
Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-14.
Ritari og fjármálastjóri: Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir. Ritari er við kl. 8-16 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.
Bókavörður: Elín S. Kristjánsdóttir. Bókasafn er opið á meðan kennsla stendur yfir í skólanum en bókavörður er við kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.
Umsjónarmaður húsnæðis: Guðrún Reynisdóttir.
Umsjónarmaður tölvukerfis: Aðalgeir Sævar Sigurgeirsson. Almennur viðverutími á mánud. kl. 10-12, þriðjud. kl. 10-11:30 og fimmtud. kl. 10-11.

**Kennarar á vorönn 2017**

| | |
|---|---|
| Auður Jónasdóttir | Starfsbraut. |
| Ásta Svavarsdóttir | Íslenska. |
| Elín Rúna Backman | Efnafræði; líffræði. |
| Gunnar Árnason | Afbrotafræði, sálfræði. |

Gunnar Baldursson Eðlisfræði; efnafræði; umhverfis- og auðlindafræði.
Ingólfur Freysson Aðferðafræði; félagsvísindi; íþróttir.
Knútur Arnar Hilmarsson Stærðfræði.
Rakel Dögg Hafliðadóttir: Námstækni og hvatning; stærðfræði.
Sigurður Narfi Rúnarsson Hugur og hönnun; starfsbraut.
Smári Sigurðsson Enska; þýska.
Valdimar Stefánsson Landafræði; saga.

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi.

**Umsjónarkennarar og umsjónartímar**

# Umsjón V17

**Umsjónarkennarar:**

Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og kallar nemendur í viðtal þegar þurfa þykir. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar sem hér segir:

Auður Jónasdóttir Starfsbraut.
Gunnar Baldursson Nemendur á náttúrufræðibraut/náttúruvísindabraut (aðrir en útskriftarnemar). Viðtalstímar auglýstir síðar.
Rakel Dögg Hafliðadóttir Nemendur á félagsfræðibraut/félags- og hugvísindabraut (aðrir en útskriftarnemar). Viðtalstímar auglýstir síðar.
Ingólfur Freysson Nemendur á almennri braut. Viðtalstímar auglýstir síðar.
Herdís Þ. Sigurðardóttir Útskriftarnemar og nemendur á ótilgreindri braut. Viðtalstímar eftir samkomulagi virka daga kl. 8:15-13.

**Umsjón**
Fyrsti umsjónartími annarinnar er **miðvikudaginn 4. janúar kl. 8:15**. Þá mæta allir nemendur (aðrir en fjarnemar) til umsjónarkennara sinna til að fá helstu upplýsingar varðandi önnina framundan. Jafnframt er umsjónartími fimmtudaginn **9. mars kl. 15:20** þar sem nemendur velja áfanga fyrir næstu önn. Ætlast er til þess að nýnemar mæti í þennan tíma en aðrir nemendur geta einnig nýtt sér hann ef þeir vilja fá aðstoð við valið. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar nemendum til aðstoðar með val og námsáætlun. Jafnframt taka umsjónarkennarar viðtöl á hverri önn við nemendur undir 18 ára aldri þar sem farið er yfir stöðuna í náminu, líðan í skólanum og aðra þætti.

**Val**
Drög að valframboði fyrir næstu önn munu liggja fyrir um mánaðamót janúar/febrúar og geta nemendur sent aðstoðarskólameistara tölvupóst á herdis@fsh.is með ábendingum um hvaða áfanga þarf að kenna á næstu önn. Þetta þýðir að vinna við námsáætlun og val fyrir næstu önn hefst snemma á önninni og er áætlaður u.þ.b. mánuður í þessa vinnu. Vali fyrir haustönn 2017 verður að ljúka í síðasta lagi **16. mars**. Ætlast er til að nemendur búi til námsáætlun og velji í Innu undir leiðsögn umsjónarkennara.

Athugið að skólanámskrá er á heimasíðu skólans. Þar eru m.a. upplýsingar um alla áfanga og brautir skólans, námsmat, fjarvistakerfið o.fl.

**Þeir sem hyggja á útskrift við skólaslit vorið 2017 eru beðnir að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst til að fara yfir námsferla sína og tryggja að allt sé í lagi.**

**Inna og Innuaðgangur**

# Inna og Innuaðgangur V17

**Aðgangur nemenda að skólakerfinu Innu**
Aðgangur nemenda að Innu er virkjaður þegar þeir hafa greitt skólagjöld.  Slóðin er http://www.inna.is/Nemendur. Notandanafn er kennitala nemenda.  Lykilorð er Íslykill sem sótt er um á http://www.island.is.  Lykilorðið er sent í pósti eða í heimabanka.  Þegar farið er inn í Innu kemur stundataflan upp.  Upplýsingar um námsferil, einkunnir, fjarvistir o.fl. fá nemendur með því að smella á nafnið sitt fyrir ofan stundatöfluna.  Hægt er að prenta út stundatöflu, námsferil o.fl. úr Innu.
Athugið að til að komast inn á Innu þurfið þið aðgang að tölvukerfi skólans.  Hann fáið þið hjá Aðalgeiri Sævari kerfisstjóra.  Viðverutími Aðalgeirs er kl. 10-12 á mánudögum, kl. 10-11:30 á  þriðjudögum og kl. 10-11 fimmtudögum á skrifstofu á kennaragangi.

Vinsamlega athugið hvort persónuupplýsingar í Innu eru réttar og breytið þeim ef við á, t.d. heimilisfangi ef aðsetur er annað en lögheimili og símanúmeri ef það hefur breyst.

**Hér má finna upplýsingar um Innu**

**Um húsnæði skólans**

# Húsnæði V17

**Húsnæði skólans**
Í kennaraálmu eru skrifstofur skólameistara, aðstoðarskólameistara, námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings, kennarastofa og vinnuherbergi kennara. Vinnuherbergi Gunnars Baldurssonar er þó við hliðina á stofu 9. Skrifstofa skólans er framan við kennaraálmu og þar hafa ritari og fjármálastjóri aðsetur. Umsjónarmaður húsnæðis hefur aðstöðu í herbergi gegnt skrifstofu. Nemendur eru beðnir að virða viðtalstíma kennara.  Notfærið ykkur pósthólf  þeirra sem eru í kennaraálmu gegnt skrifstofu aðstoðarskólameistara.  Þau er sérstaklega ætluð fyrir nemendur sem þurfa að koma skilaboðum til kennara eða skila verkefnum. Bókasafn er á efri hæð skólans fyrir ofan aðalinngang nemenda.   Aðstaða nemenda, t.d. matar- og setustofa, er í kjallara í aðalkennsluálmu.

**Kennslustofurnar**
Stofur 1, 2, 3, 4 og 5 eru á efri hæð í aðalkennsluálmu, 1, 2 og 3 nær anddyri.
Stofur 6, 7, 8 og 9 (raungreinastofa) eru á jarðhæð í kennsluálmu, stofa 6 næst anddyri en stofa 9 fjærst.  Stofa 6 verður lítið notuð fyrir kennslu í vetur og er ásamt bókasafni hentug þeim sem vilja ljúka heimanámi í skólanum.
Stofur 11 (kvikmyndastofa) og 12 (myndmenntastofa) eru í kjallara kennaraálmu.
Stofa 10 er fyrir ofan nemendainngang, við hliðina á bókasafninu, og verður eingöngu ætluð nemendum á starfsbraut.
Stofa ÍÞ er í íþróttahúsi.

Stofa 1 er tölvustofa. Stofan er opin nemendum þegar engin kennsla fer þar fram. Þá hafa nemendur tækifæri til vinna þar verkefni sem tengjast skólanum. Forsenda þess að hægt sé að hafa stofuna opna er að allir nemendur gangi vel um og hlíti öllum þeim umgengnisreglum sem settar eru. Við stofuna er auglýsing um opnunartíma og umgengnisreglur.

**Skólasóknarreglur**

# Skólasóknarreglur V17

**Meginregla: Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.**

Veitt er ákveðið svigrúm frá þessari meginreglu sem hér segir:
Heildarskólasókn nemenda má ekki vera undir 90%.
Skólasókn í hverjum einstökum áfanga má ekki vera undir 85%.

Leyfi frá skólasókn getur skólameistari og aðstoðarskólameistari gefið ef sérstakar ástæður liggja að baki. Öðrum er ekki heimilt að veita leyfi frá mætingu, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

**Viðverumerkingar í kennslustundum:**
M = sjálfgefinn viðverukóði, nemandinn er í tímanum.
F = fjarvist úr 60 mínútna tíma. Gefur 1 fjarvistastig.
G = fjarvist úr 40 mínútna tíma. Gefur 0,67 fjarvistastig.

ATH. Komi nemandi of seint í kennslustund, þ.e. eftir að kennari er búinn að lesa upp og kennsla er hafin, telst nemandinn fjarverandi þá kennslustund.

**Frádráttarliðir fjarvista:**
V = veikindi
L = leyfi
A = töfluárekstur

Það svigrúm sem nemendur hafa skv. skólasóknarreglum geta þeir nýtt t.d. ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá.

**Reglur um tilkynningar og skráningu veikinda við FSH**
1. Tilkynningar um veikindi skulu berast til skólaritara á milli kl 8 og 9 þann morgun sem nemandinn er veikur. Tilkynningar, sem berast á öðrum tíma, eru ekki teknar til greina.
2. Veikindi nemenda sem ekki hafa náð 18 ára aldri skulu tilkynnt af forráðamanni.
3. Verði nemendur uppvísir að því að misnota rétt sinn til fjarvista vegna veikinda skal breyta veikindaforföllum í fjarvist.
4. Skólanum er heimilt að krefjast læknisvottorða vegna langtíma veikinda. Langveikum nemendum er bent á að hafa samband við stjórnendur skólans í upphafi annar.

Nemendum skal gefin einkunn í prósentum fyrir skólasókn. Skólasókn er ekki metin til eininga.

**Viðurlög:**
Nái nemandi ekki tilskilinni skólasókn í einum áfanga (þ.e. 85%) er litið svo á að hann hafi

þar með sagt sig úr þeim áfanga. Fær hann þá skráða einkunnina H (hættur) fyrir áfangann í námsferil sinn. Fari nemandi niður fyrir leyfilegt lágmark í heildarskólasókn (þ.e. 90%) er litið á það sem úrsögn úr skólanum. Nemendur sem hafa sagt sig úr einstökum áföngum eða skóla vegna fjarvista hafa ekki leyfi til þess að þreyta próf í lok annar.

**Meðferð mála:**
Ef útreikningar á fjarvistum benda til þess að nemandi segi sig frá skóla með sama áframhaldi skal senda honum áminningarbréf eða foreldrum/forráðamönnum ef nemandi er yngri en 18 ára. Segi nemandi sig úr skóla vegna brota á skólasóknarreglum ber að senda honum skriflega tilkynningu þess efnis og einnig foreldrum/forráðamönnum ef nemandinn er undir 18 ára aldri. Nemandinn hefur tímabundinn andmælarétt sem miðast við þrjá virka daga. Skólameistara er heimilt að gera við nemendur viðverusamning með öðrum skilyrðum en almennar skólasóknarreglur kveða á um. Á það t.d. við um nemendur yngri en 18 ára og nemendur á framhaldsskólabraut. Að auki getur nemandi sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum til skólaráðs. Ekki er haldið fjarvistabókhald í Innu fyrir nemendur á starfsbraut.

**P-nám og frjáls mæting**

# P-nám og frjáls mæting V17

Þeir nemendur sem óska eftir p-námi eða frjálsri mætingu verða að sækja um það **skriflega** og gera grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknareyðublöðin fáið þið hjá aðstoðarskólameistara. Umsóknum skal skilað til aðstoðarskólameistara í síðasta lagi **þriðjudaginn 10 janúar**. Ákvörðun um það hverjir fá p-heimildir eða frjálsa mætingu verður kunngerð eins fljótt og auðið er.

Hverjir geta sótt um frjálsa mætingu?
1. Þeir nemendur sem náð hafa 21 árs aldri og/eða búa við þær aðstæður að þeir telji sig ekki geta mætt í alla tíma, án þess þó að það komi niður á náminu.
2. Nemendur sem eru 18-20 ára og skrá sig í að hámarki 10 einingar á viðkomandi önn.
Athugið að allir nemendur þurfa að tilgreina áðstæður fyrir umsókn um frjálsa mætingu. Aldur og einingafjöldi veita ekki sjálfkrafa rétt til frjálsrar mætingar.

Hvað fylgir því að fá frjálsa mætingu?
Nemendur með frjálsa mætingu bera sjálfir ábyrgð á eigin námi og þurfa að kynna sér gaumgæfilega hvaða skyldur fylgja því.

Hverjir geta sótt um P-nám?
P-heimild getur komið til álita ef um útskriftarmál er að ræða.

**Allir sem sækja um P-nám skulu koma í viðtal hjá aðstoðarskólameistara í síðasta lagi þriðjudaginn10. janúar.**

Nemendum er bent á að kynna sér upplýsingar um P-nám og frjálsa mætingu í skólasóknarreglum

**Töflubreytingar**

# Töflubreytingar V17

Skoðið stundatöflurnar ykkar vel.  Ef þið hafið ekki fengið inn alla þá áfanga sem þið völduð geta ástæðurnar verið margvíslegar, t.d. að áfanginn er ekki kenndur, ekki er pláss í hóp, árekstar eru milli áfanga o.s.frv.  Enn er hægt að bæta inn áföngum og taka út áfanga.  Athugið að þessar töflubreytingar er eingöngu hægt að gera hjá aðstoðarskólameistara.

**Viðtalstímar aðstoðarskólameistara vegna töflubreytinga:**
Miðvikudag 4. janúar kl. 9:20-11:45.
Fimmtudag 5. janúar kl. 8:15-11:45.
Föstudag 6. janúar kl. 8:15-11:45.
Mánudag 9. janúar kl. 8:15-11:45.
Þriðjudag 10. janúar kl. 8:15-11:45.

**Öllum töflubreytingum verður að vera lokið þriðjudaginn 10. janúar!**

**Komið vel undirbúin í töflubreytingar. Notið stofntöfluna hér fyrir neðan til að finna hvenær áfangar eru kenndir.**

| Stokatafla | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Tími | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
| 8:15-9:15 | A | G | D | H | B |
| 9:20-10:20 | B | E | C | D | A |
| 10:35-11:35 | C | A | B | E | F |
| 11:40-12:40 | G | B | F | A | H |
| 13:10-14:10 | F | D | H | C | G |
| 14:15-15:15 | E | C | G | F | |
| 15:20-16:20 | D | H | E | | |

A-stokkur:  ENSK2BL05(21), ÍSLE2MB05(11), SAGA3OL05(32), STÆR3DF05(41)
B-stokkur:  EFNA2AE05(21), ENSK3VO05(41), HÖNN2FÖ05(21), SAGA2YS05(21)-1
C-stokkur:  LANF2NM05(11), LÍFF3LL05(22), SÁLF2ÞS05(21)
D-stokkur: ÍSLE3MI05(41), LÍFF2AL05(11), NÁMI1NH01(02), STÆR3TD05(61)
E-stokkur: ENSK2RL05(11), RANN3ER05(11), STÆR2JV05(21), STÆR2TÖ05(32)
F-stokkur: EÐLI2LA05(21), FÉLV2KA05(21), SÁLF3FP05(32), STÆR2XZ05(11)
G-stokkur: AUUM1AU05(11), ÞÝSK1GF05(21)
H-stokkur: EFNA3RS05(41), FÉLV2AB05(12), ÍSLE2MÁ05(21), SAGA2YS05(21)-2

**Íþróttir** eru í A-D stokkum.  Íþróttir á fyrsta námsári eru bæði bóklegar og verklegar.  Nemendur á fyrsta námsári skulu mæta í íþróttatíma í íþróttahöll en nemendur sem komnir eru lengra í námi eiga þess kost að stunda sínar íþróttir utan íþróttatíma í töflu.  Óski þeir slíks, skulu þeir hafa samband við Ingólf Freysson íþróttakennara og gera áætlun í samráði við hann um hvernig skilyrði um íþróttir verða uppfyllt.

Nemendum, sem æfa íþróttagrein á vegum íþróttafélagsins Völsungs, gefst kostur á að skrá sig í **afreksíþróttir**. Hver áfangi í afreksíþróttum gefur tvær einingar og gilda þær sem val í námsferli nemenda. Þeir nemendur sem vilja skrá sig í afreksíþróttir skulu hafa samband við Ingólf Freysson hið allra fyrsta. Auglýst verður síðar í hvaða stokki afreksíþróttir lenda (þ.e. A, B, C eða D).

ATH.:
Eftirtaldir áfangar/hópar eru fullir eða að fyllast: AUUM1AU05(11), ENSK3VO05(41), ÍSLE3MI05(41).

Nóg er af lausum plássum í flestum öðrum áföngum.

**Ertu töflulaus?**
Ef þú ert töflulaus gæti skýringin verið sú að þú ert ekki búin(n) að greiða innritunargjaldið. Taflan þín er þá hjá ritara (fyrir nýnema og endurinnritaða) eða í Innu (hjá öðrum nemendum) og þú færð hana um leið og þú gerir upp skuldina. ATH að Innuaðgangur er lokaður þar til innritunargjaldið er greitt!
Annar möguleiki er að þú hafir ekki skilað inn vali á síðustu önn. Ef svo er þarft þú nauðsynlega að tala við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.
Þriðji möguleikinn er að þú sért ekki með virkan Íslykil. Sæktu um nýjan á island.is.
Ef ekkert af þessu passar er möguleiki að Inna sé að stríða okkur. Hafðu samband við aðstoðarskólameistara á töflubreytingatíma.

**Árekstrar**
Árekstur kallast það þegar tveir áfangar eru skráðir í sama tímann. Ef tveir áfangar eru skráðir á sama tíma í stundatöflu gildir taflan sem árekstraheimild. Nemendur skulu hafa samband við báða viðkomandi kennara og ákveða **kennararnir** hvernig nemandinn mætir í þessa tíma. Athugið að þegar um íþróttaárekstra er um að ræða, mætir nemandinn alltaf í íþróttir, nema hann hafi samið við íþróttakennara um að stunda íþróttir utan stundatöflu!

**Íþróttir**

# Íþróttir V17

Íþróttatímar eru í Íþróttahöll, ýmist í aðalsal, litla salnum eða í þreksal. Íþróttir eru allar í stokkum og er hægt að velja um tíma í A, B, C eða D stokk.

Íþróttir á fyrsta námsári eru bæði bóklegar og verklegar. **Nemendur á fyrsta námsári skulu mæta í íþróttatíma í íþróttahöll en nemendur sem komnir eru lengra í námi eiga þess kost að stunda sínar íþróttir utan íþróttatíma í töflu. Óski þeir slíks, skulu þeir hafa samband við Ingólf Freysson íþróttakennara og gera áætlun í samráði við hann um hvernig skilyrði um íþróttir verða uppfyllt.**

Nemendum, sem æfa íþróttagrein á vegum íþróttafélagsins Völsungs, gefst kostur á að skrá sig í **afreksíþróttir**. Hver áfangi í afreksíþróttum gefur tvær einingar og gilda þær sem val í námsferli nemenda. **Þeir nemendur sem vilja skrá sig í afreksíþróttir skulu hafa samband við Ingólf Freysson hið allra fyrsta.** Afreksíþróttir munu lenda í A, B, C eða D-stokki á hvorönn 2017 en síðar verður auglýst hver þessara stokka verður fyrir valinu.

Athugið að aðrir nemendur geta verið í íþróttum á sama tíma og afreksíþróttahópur.

**Einhverjir nemendur eru í árekstri í íþróttum og gildir þá sú regla að nemendur mæta í íþróttatíma, nema þeir hafi gert samning við íþróttakennara um að stunda íþróttir utan stundatöflu. Athugið að áfanga í íþróttum er ekki hægt að ná nema sýnt hafi verið fram á ástundun. Þeir sem lenda í íþróttaárekstri skulu þó einnig hafa samband við þann kennara sem íþróttirnar lenda í árekstri við, og láta hann vita af árekstrinum.**

Þeir sem ekki hafa fengið íþróttir í töflu snúi sér til aðstoðarskólameistara.

**Kennsluvefur**

# Kennsluvefur V17

Kennsluvefurinn byggir á opna vefhugbúnaðnum Moodle og er samstarfsverkefni Framhaldsskólans á Húsavík, Menntaskólans á Egilsstöðum, Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, Verkmenntaskóla Austurlands og Austurbrúar.

Á Kennsluvefinn setja kennarar inn efni sem tengist áföngum sem þeir kenna, s.s. námsáætlanir, glærur, myndbönd, verkefni og próf. Mikilvægt er að ALLIR nemendur tengist Kennsluvefnum og noti hann reglulega.

Til þess að tengjast Kennsluvefnum þarf að hafa aðgangs- og lykilorð. Nýnemar og endurinnritaðir fá þau afhent hjá umsjónarkennara við skólasetningu. Aðrir nemendur halda sínum aðgangs- og lykilorðum. Ef nemendur gleyma aðgangs- eða lykilorðum sínum eru þeir beðnir um að snúa sér til Guðrúnar Halldóru Jóhannsdóttur ritara.

Ath. sú breyting hefur verið gerð að nemendur sjá sjálfir um að tengjast þeim áföngum sem þeir eru skráðir í á Kennsluvefnum. Leiðbeiningar um hvernig það er gert má finna HÉR.

Ef upp koma spurningar varðandi skráningu inn á Kennsluvefinn má leita til Guðrúnar Halldóru Jóhanndóttur ritara.

Í vetur er þó stefnt að því að nota kennsluvef skólakerfisins Innu í tveimur til þremur áföngum. Athugið að til þess að tengjast Innu er notaður svokallaður Íslykill. Um hann er sótt á vefsíðunni island.is.

**Aðrar upplýsingar**

# Aðrar upplýsingar V17

**Bókakaup**
Bókalisti vorannar 2017
Nemendur eru hvattir til að skipta eldri bókum sín á milli hér í skólanum.

**Námsferlar nemenda**
Enn standa yfir nokkrar breytingar á skólakerfinu Innu vegna breytinga á Aðalnámskrá framhaldsskóla. Stúdentsbrautir hafa þó fengið hér um bil endanlegt útlit en enn á eftir að

setja almenna braut og starfsbraut upp í Innu. Það verður gert á næstu vikum. Stefnt er að því að uppsetningu brauta í Innu verði lokið áður en nemendur velja áfanga fyrir næstu önn, þ.e. haustönn 2017. Ánægjulegt er að greina frá því að allar námsbrautir Framhaldsskólans á Húsavík nú fengið staðfestingu Mennta- og menningarmálaráðuneytis og eru sýnilegar á heimasíðu skólans. Á heimasíðu skólans má einnig finna leiðbeiningar um val í Innu og tillögu um hvernig nemendur raði áföngum á annir.

**Áfangaheiti**

Í eldri námskrá frá 1999 er auðkenni hvers áfanga sex stafa runa. Fremst er heiti námsgreinarinnar tilgreint með þremur bókstöfum, t.d. ÍSL fyrir íslensku. Næst kemur þriggja stafa tala; fremsta talan táknar hvar áfanginn er í röðinni innan námsgreinar, önnur talan greinir að áfanga með sama undanfara, þriðja talan segir til um einingafjölda áfangans. Áfangaheitið ÍSL103 táknar því að áfanginn er byrjunaráfangi í íslensku sem gefur 3 einingar.

Í yngri námskrá frá 2011 samanstendur auðkenni hvers áfanga af 11 stafa runu. Fyrstu fjórir bókstafirnir vísa til námsgreinarheitis. Þannig vísar ÍSLE í áfangaheitinu ÍSLE2MB05(11) til íslensku. Næst kemur tölustafur sem vísar til þess á hvaða hæfniþrepi áfanginn er. Allir áfangar eru á þrepi 1, 2 eða 3 eftir því hversu miklar hæfnikröfur eru gerðar til nemandans í áfanganum. Því næst koma tveir bókstafir sem vísa til viðfangsefnis áfangans. Í þessu tilfelli vísar MB til þess að áfanginn fjallar um málnotkun og bókmenntir. Næstu tveir tölustafir vísa til einingafjölda í áfanga. Tölurnar 05 segja þannig til um að áfanginn sé 5 einingar. Tölustafirnir tveir í sviganum aftast vísa til þess í hvaða röð skuli taka áfangana. Fyrri tölustafurinn vísar til undanfara en sá seinni til jafngildisáfanga. Þannig þarf að taka áfanga sem merktur er (11) á undan áfanga sem merktur er (21) en ekki skiptir máli hvort áfangi sem merktur er (21) sé tekinn á undan eða eftir áfanga sem merktur er (22).

**Bókasafn FSH** er fyrir ofan aðalinngang skólans við hliðina á stofu 10. Þar er m.a. lesaðstaða og aðgangur að tölvum, prentara og ljósritunarvél, en einnig geta nemendur unnið þar með sínar eigin fartölvur. Opnunartími bókasafns er frá kl. 8:15 alla virka daga og á meðan kennsla stendur yfir í skólanum. Viðvera starfsmanns á bókasafni er kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.

**Skápar innan við anddyri.** Nemendur geta leigt sér skáp við anddyri hjá ritara. Leigan er kr. 3.000,- á skólaári (tvær annir). Þar af verða kr. 2.000,- endurgreiddar í lok skólaárs gegn afhendingu lykils.

**Meðferð matvæla og sorps**

Öll neysla matar og drykkjar er bönnuð í kennslustofum skólans.

Nemendur skulu henda sorpi í tunnur með viðeigandi merkingum á nemendagangi. Nauðsynlegt er að skola pappírs- og plastumbúðir áður en þeim er hent og er nemendum bent á að gera það í ræstingakompu á nemendagangi, gegnt skrifstofu ritara.

**Netaðgangur nemenda**

Nemendur fá ekki lengur afhent skólanetföng heldur nota þeir eingöngu eigin netföng. Þeir nemendur sem þurfa aðstoð við að stofna netföng geta leitað til Aðalgeirs Sævars Óskarssonar adalgeir.oskarsson@advania.is Heimasvæði nemenda er undir “H:” drifi og kvóti verður 50Mb. Nemendur geta vistað gögn sín í “My Documents” eða beint inn á H: drif. Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvukerfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim. Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

**Athugaðu!**
Þegar þú yfirgefur tölvu skalt þú ávallt aftengjast með því að ýta á "Start" hnapp og velja "Log off notandi".
Tölvustofan er oft mjög umsetin og ekki er leyfilegt að skreppa í burtu frá tölvu nema í mjög stuttan tíma. Ef þú kemur að tölvu þar sem enginn situr en einhver er augljóslega tengdur skalt þú gefa viðkomandi svigrúm til að koma til baka (c.a. 2-3 mínútur), vista síðan það sem unnið er með, aftengja viðkomandi og nota tölvuna:)

**Herdís Þ. Sigurðardóttir aðstoðarskólameistari**
**herdis@fsh.is**

# Húslestur 1.2.2017

**2. tbl. 27. árgangur þriðjudaginn 1. febrúar 2017. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir**

**Efni:**

**1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Nokkuð fleiri en vanalega eru á gátlista í kjölfar fyrstu talningar. Nemendur og forráðamenn þeirra eru beðnir um að hafa í huga að góð mæting helst í hendur við góðan námsárangur.
Mætingarreglur FSH

**2. Val fyrir haustönn 2017 hefst í dag og lýkur 16. mars nk.** Hægt er að skila athugasemdum við valframboð til aðstoðarskólameistara fram til 17. febrúar. Umsjónartími vegna valsins verður **fimmtudaginn 9. mars** en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér.
Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2017. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.
Hægt er að gera námsáætlun í Innu út námstíma nemenda. Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.
Upplýsingar um námsbrautir skólans
Dæmi um námsframvindu á nýjum stúdentsbrautum
Undanfarareglur áfanga í nýju kerfi
Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta
Undanfarareglur áfanga í eldra kerfi

